



Tillaga að:

## STARFSLEYFI

### Hjálparsveit skáta Reykjadal

Kt. 590485-0479

Kvíhólmýri

650 Laugar

### -Flugeldasýning-

**Staðsetning:** Malarsvæði á Laugum í Reykjadal

**Tímasetning:** 31.12.2022 kl:20<sup>30</sup>

**Ábyrgðaraðili:** Andri Hnikarr Jónsson kt. 100678-5199

Leyfið er veitt í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit m. s.br. Leyfishafi skal auk þess hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda á hverjum tíma sem og meðfylgjandi starfsleyfiskilyrðum fyrir flugeldasýningar

Framsál þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfiskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess

Ef breytingar verða á starfseminni skal tilkynna það Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfis- og eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt gildandi gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

#### **Greinargerð:**

Sótt var um starfsleyfi þann 1. nóvember sl. tillaga að starfsleyfi var auglýst á heimasíðu HNE þann 21. nóvember fjögurra vikna frestur til athugasemda rennur því út þann 19. desember 2022

x. desember 2022

f.h. Heilbrigðisnefndar

NN  
heilbrigðisfulltrúi

# Starfsleyfisskilyrði fyrir flugeldasýningar

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

- 1.1 Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykkt og neðangreindum skilyrðum
- 1.2 Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt.

## 2. SKILYRÐI

- 2.1 Leyfi Heilbrigðisnefndar er skilyrt því að fyrir liggi endanlegt leyfi lögregluyfirvalda fyrir sýningunni.
- 2.2 Skylt er að haga allri háværrri starfsemi þannig að valdi sem minnstu ónæði.
- 2.3 Óheimilt er að hefja skoteldasýningu ef vindátt eða veðrátt er óhagstæð að mati lögreglu.
- 2.4 Sjá skal um að skotsvæði sé hreinsað sem fyrst að sýningu lokinni og úrgangi komið í viðeigandi förgun.

**Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:** Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 414/2017 um skotelda og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða